

Til þess er málið varðar,

við í Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands óskum eftir því að sú ákvörðun að sleppa því að setja upp gönguljós á gatnamótum Hringbrautar og Sæmundargötu verði endurskoðuð. Á grasinu sem aðgreinir akreinar Hringbrautar er niðurtroðin leið sem verður afar drullug þegar veður er vont. Þetta er stytting sem gangandi vegfarendur nýta sér óspart. Í öllum veðrum og á öllum tímum sólarhrings hleypur fólk þarna yfir þessa miklu umferðargötu og vonast til að verða ekki fyrir bíl. Þú spyrð þig kannski hvers vegna fólk gangi ekki bara upp að næstu gönguljósum (við gatnamót Hringbrautar og Tjarnargötu) eða niður að göngubrúnni við Njarðargötu. Við því er ekki til einfalt svar en raunin er sú að gangandi vegfarendur leitast alltaf við að stytta sér leið.

Í frétt Morgunblaðsins frá árinu 2013<sup>1</sup> er staðfest að framkvæmdir við ljósastýrð gönguljós yfir Hringbraut á mótis við Sæmundargötu séu hafnar. Við veltum því fyrir okkur hvers vegna þessum framkvæmdum hafi verið hætt áður en þeim var lokið?

Við teljum að gönguljós á gatnamótum Sæmundargötu og Hringbrautar væru mikil bót fyrir gangandi vegfarendur og myndu þar að auki tengja miðbæ Reykjavíkur enn betur við háskólasvæðið ásamt því að tryggja gott flæði þarna á milli. Við teljum að það að bæta við gönguljósum á þessum stað muni ekki hafa teljandi áhrif á bílaumferð á svæðinu og að þær aukasekúndur sem bílstjórar þurfi að stansa muni skila sér margfalt í ánægju og öryggi gangandi vegfarenda á svæðinu. Fólk mun ekki hætta að hlaupa yfir götuna og skáskjóta sér milli bíla en þið hafið tækifærið til að auka öryggi þeirra, við í umhverfis og samgöngunefnd hvetjum ykkur til að nýta það.

Með bestu kveðjum,

Dagmar Óladóttir

f.h. umhverfis- og samgöngunefndar

---

<sup>1</sup>[https://www.mbl.is/greinasafn/innskraning/?redirect=%2Fgreinasafn%2Fgrein%2F1480395%2F%3Ft%3D422588478&page\\_name=article&grein\\_id=1480395](https://www.mbl.is/greinasafn/innskraning/?redirect=%2Fgreinasafn%2Fgrein%2F1480395%2F%3Ft%3D422588478&page_name=article&grein_id=1480395)